

Nd.

497. Nefndarátt

um frv. til laga um bygging og rekstur strandferðaskips.

Frá minni hluta samgöngumálanefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um meðferð frv. þessa. Meiri hlutinn vill fella frv. eða vísa því til stjórnarinnar. Við miunihlutamenn álitum áftur, að frv. ætti að samþykkja og afgreiða frá þinginu, ef tími leyfði.

Ástæður fyrir álitum okkar um þetta hirðum við ekki að telja hjer, með því að þær hafa áður verið raktar í meðferð málsins.

Okkur er ljóst, að málið getur tæpast fengið afgreiðslu á þessu þingi, þar sem komið er nærri þinglausnum og mörg önnur nýmæli biða úrslita. Hins vegar er aðalefni frv., um bygging og rekstur strandferðaskips, sem og lántökuheimild vegna skipskaupanna, áður lögfest með lögum nr. 53 1913, þar sem ákveðið er að kaupa og reka fyrir ríkisreikning 2 strandferðaskip, ákvörðun, sem átti að komast í framkvæmd 1916, en sem aðeins er nú að hálfu leyti fullnægt. Frv. á þskj. 320 lýtur því einungis að fullnægingu þessarar eldri ákvörðunar, og endimarkar þó fremur en hún og tímabindur framkvæmd nefndra laga og útbúnað skipsins.

Eftir atvikum öllum og vegna óvissu um, að ástæður og tími leyfi að málið fái áformaða afgreiðslu á þessu þingi, leggjum við til, að það verði afgreitt með svo feldri rökstuddri

DAGSKRÁ:

Með því að dregist hefir að hálfu leyti um 10 ár framkvæmd laga nr. 53 frá 1913, um kaup og rekstur tveggja strandferðaskipa, og ætla verður, að stjórnin sjái sjer sært að koma fyrir mælum nefndra laga í fulla framkvæmd á þessu eða næsta ári, með hliðsjón af fyrir mælum frv. þessa um stærð og útbúnað nýs strandferðaskips, og með því ennfremur, að tími vinst tæpast til að afgreiða frv. þetta á annan veg, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. maí 1926.

Kl. Jónsson,
fundaskr.

Sveinn Ólafsson,
frsm.